



Fundargerð

**Fundur haldinn í Almannavarnarnefnd mánudaginn 22. nóvember 2021
kl. 14:00 í fundarsal Brunavarna Suðurnesja bs. að Flugvöllum 29.**

Mætt: Kjartan Már Kjartansson, Úlfar Lúðvíksson, Arnar Steinn Elísson, Magnús Stefánsson, Ásgeir Eiríksson, Jón Guðlaugsson, Fjölur Guðmundsson, Gunnar Schram, Sveinbjörn Indriðason og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Dagskrá:

1. Eldgos í Geldingadölum – staðan

Úlfar Lúðvíksson lögreglustjóri fór yfir stöðu mála varðandi eldgsið. Gosinu virðist vera lokið þó að því hafi ekki verið formlega lýst yfir. Enn er töluvert af fólki að fara að gosstöðvunum.

2. Heimsfaraldur COVID 19 – staðan

Fjölur Guðmundsson frá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fór yfir stöðuna. Það gengur nokkuð vel á svæðinu, ennþá töluvert um smit í Suðurnesjabæ. 102 ný smit voru á landinu í gær. 165 eru í einangrun á Suðurnesjum og 299 í sóttkví. Að meðaltali voru tekin um 200 PCR próf og 129 hraðpróf á dag síðastliðna viku. Tveir bólusetningardagar eru í viku og eru 4-500 bólusetningar hvorn dag. Fjöldi óbólusettra er of mikill, t.d. meðal unglunga. Skoða þarf hvernig samfélagið getur stuðlað að meiri þátttöku í bólusetningum.

3. Fjárhagsáætlun 2022

Jón Guðlaugsson, framkvæmdastjóri Almannavarna Suðurnesja utan Grindavíkur kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2022. Fram kom að umtalsverð hækkun verður á rekstrarkostnaði vegna leigu á húsnæði og búnaði í aðgerðastjórnstöð sem er í eigu Brunavarna Suðurnesja.

Fjárhagsáætlun 2022 er samþykkt.

4. Ný stjórnstöð aðgerðastjórnar að Flugvöllum

Jón Guðlaugsson, framkvæmdastjóri sýndi fundarmönnun nýja stjórnstöð Almanna- og Suðurnesja utan Grindavíkur sem staðsett er að Flugvöllum 29.

5. Verklegar framkvæmdir á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Fjölur Guðmundsson frá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sagði frá framkvæmdum við nýja röntgendeild og fyrirhuguðum framkvæmdum við nýja slysa- og bráðadeild og sjúkradeild. Ný röntgendeild opnar í lok þessa árs. Nýtt röntgentæki verður þá tekið í notkun auk þess sem nýtt sneiðmyndatæki verður tekið í notkun á næsta ári. Framkvæmdir við nýja slysa- og bráðadeild í D-álmu hefjast fyrir áramót og er stefnt að opnun hennar á næsta ári. Einnig mun ný sjúkradeild verða opnuð á 3. hæð D-deildar með vormánuðum. Þar verða 19 legurými og 8 dagdeildarrými. Endurskipuleggja þarf nýtingu annarra hluta húsnæðisins, t.d. þar sem slyshadeildin er staðsett nú. Stefnt er að því að færa þá starfsemi sem er á Mánagötu yfir á Skólavegin. Gera þarf við þak C-álmu og til skoðunar er að byggja nýja hæð þar ofan á. Auglýst hefur verið eftir leiguhúsnæði fyrir næstu ár fyrir heilsugæslu og geðteymi. Ný heilsugæslustöð í Innri-Njarðvík er á teikniborðinu.

6. Suðurnesjalína II

Umræða fór fram um hvort Suðurnesjalína II varði þjóðaröryggi.

7. Önnur mál

Arnar Steinn Elísson frá svæðisstjórn björgunarsveita óskaði eftir að eftirfarandi mál yrðu tekin á dagskrá og var það samþykkt:

- Aðstaða svæðisstjórnar

Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 2 hefur hingað til haft aðsetur sitt í húsnæði aðgerðastjórnar á Fálkavöllum undir reglubundna fundi sína og æfingar með leyfi frá ISAVIA. Hefur ISAVIA verið okkur góður gestgjafi í öll þau ár sem við höfum haft aðsetur þar og þökkum við þeim kærlega fyrir það. Heimilisfang svæðisstjórnar er á Fálkavöllum 12 á Keflavíkflugvelli en nú hefur þeirri aðstöðu verið lokað og því langar okkur að óska eftir áframhaldi á samstarfi og þá við Brunavarnir Suðurnesja um að við getum fært okkar heimilisfang að Flugvöllum og áfram fengið að halda okkar reglubundnu fundi og æfingar í nýrri aðgerðastjórnstöð að Flugvöllum. Að svæðisstjórn eigi "heimili" að Flugvöllum.

Erindið er samþykkt.

- **Vettvangsstjórnarbíll Almannaavarna á Suðurnesjum**

Vettvangsstjórnarbíll almannaavarna hefur lengi vel ekki verið viðhaldið nema að algjöru lágmarki. Í bréfi dagsettu 20. febrúar 2020 til framkvæmdastjóra almannaavarna gerði svæðisstjórn björgunarsveita athugasemdir og fór yfir gátlista sem hefur verið gerður og óskaði eftir því að fá úrbætur á bílnum en ekkert hefur gerst í þeim efnum. Viðbragðsstjórnarbíll almannaavarna skiptir sköpum í hópslysum á svæðinu en bíllinn var notaður á stórri flugslysaæfingu í október og var þá ekki viðeigandi búnaður í bílnum. Björninn var svo notaður á flugvellinum en ekki er hann alltaf laus í verkefni til að sinna vettvangsstjórnarhlutanum. Hér með óska björgunarsveitir á svæðinu eftir því að almannaavarnir skoði kaup á öðrum vettvangsstjórnarbíll eða viðhaldi þeim bíll sem nú er í notkun.

Stjórn Almannaavarna Suðurnesja utan Grindavíkur samþykkir að fela viðbragðsaðilum að gera fyrstu drög að þarfagreiningu fyrir nýjan stjórnstöðvarbíll.

Fundi slitið kl. 15:30.